

Uppgjör Kögunar ehf. fyrir tímabilið janúar til júní 2008.

EBITDA Kögunar er 128 mkr eða 18,6%.

Stjórn Kögunar ehf. (KOGN) samþykkti á fundi þann 30. júlí 2008 árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar – 30. júní 2008. Rekstrarreikningur tímabilsins tekur nú aðeins til Kögunar ehf en stjórnir Kögunar og Teymis samþykktu skiptingu á Kögun ehf. þannig að dótturfélagin Skýrr ehf., EJS ehf. og Eskill ehf. heyra nú beint undir samstæðu Teymis hf.

Helstu atriði:

- Rekstrartekjur jukust um 6 mkr. eða 1% frá sama tímabili á fyrra ári.
- EBITDA tímabilsins er 128 mkr. eða 18,6%.
- Framlegð af rekstri var 247 mkr. og í samræmi við áætlun félagsins.
- Fjármagnsliðir voru neikvæðir um 514 mkr. og tap af rekstri eftir skatta af þeim sökum 334 mkr.
- Í eftirfarandi samanburði hefur verið tekið tillit til aflagðrar starfsemi í kjölfar breytinga á samstæðu Kögunar í ársbyrjun 2008 og hefur rekstrarreikningur janúar - júní 2007 verið leiðréttur vegna skiptingar.

Kögun ehf.	Jan. – jún.	Jan. –jún.	% breyting
	2008	2007*	
Upphæðir í milljónum kr.			
Rekstrartekjur.....	688	682	1%
EBITDA	129	167	-23%
(Tap) / hagnaður eftir skatta	-334	405	-/-
Hagnaður af aflagðri starfsemi.....	0	471	-/-
(Tap) / hagnaður tímabilsins	-334	876	-/-
*Leiðrétt vegna skiptingar			

Um uppgjörið:

Rekstur Kögunar það sem af er árinu 2008 hefur gengið vel og afkoma í samræmi við áætlanir. Þrátt fyrir að blikur séu á lofti í umhverfi stærstu viðskiptavina þá hefur gengið vel að halda verkefnum gangandi og samningar um ný verkefni skilað sér í hús. Þannig má sem dæmi nefna samninga við stjórnvöld í Liechtenstein um útgáfukerfi vegna Schengen vegabréfsáritana og aukin verkefni í tengslum við rafræna stjórnsýslu. Stjórnendur Kögunar eru mjög ánægðir með þann árangur sem náðst hefur til þessa en framundan eru óvissutimar í ytra umhverfi félagsins og því erfitt að spá fyrir um hvernig reksturinn muni þróast það sem eftir lifir árs.

Skipting Kögunar

Stjórnir Kögunar ehf. og Teymis hf. ákváðu á fundi þann 3. apríl 2008 að leggja fyrir stjórnar- og hluthafafundi félaganna tillögu þess efnis að skipta Kögun ehf. þannig að Teymi yfirtæki alla eignarhluti Kögunar í dótturfélagunum Skýrr ehf., EJS ehf. og Eskli ehf. og skyldi skiptingin miðast við 1. janúar 2008. Tilgangurinn með þessari skiptingu var liður í endurskipulagningu Teymis sem miðar að því að ná meiri skilvirkni og hagkvæmni hluthöfum til handa. Síðari hluti skiptingar var staðfestur af stjórnnum Teymis og Kögunar þann 30. júní 2008. Af þessum sökum er nú birtur árshlutareikningur pr. 30. júní 2008 sem einungis tekur til reksturs Kögunar og á á hið sama við um samanburð við rekstur janúar - júní 2007 en þar kemur sú starfsemi sem áður heyrði undir samstæðu Kögunar fram sem afkoma af aflagðri starfsemi.

FJÁRHAGSYFIRLIT

Rekstrarreikningur Kögunarsamstæðunnar er birtur með sömu framsetningu og í árslok 2007 en vísað er í skýringu í árshlutareikningi um áhrif aflagðrar starfsemi en rekstrarreikningur jan-jún 2007 hefur verið leiðréttur vegna skiptingar. Ítarlega hefur verið gerð grein fyrir rekstri fyrri ára í bæði árs- og milliuppgjörum og er því vísað í eldri fréttatilkygningar Kögunar hf. sem birtar hafa verið í fréttakerfi Kauphallar Íslands í því sambandi.

Niðurstöður janúar – júní 2008

Rekstrarreikningur janúar - júní 2008

	jan - jún 2008	jan - jún 2007
		Leiðr v/skiptingar
Áframhaldandi rekstur		
Sala	687.680	638.310
Kostnaðaverð seldra vara	(440.558)	(399.644)
Framlegð	<u>247.122</u>	<u>238.666</u>
Aðrar tekjur	0	43.477
Sölu- og markaðskostnaður	(14.369)	(11.282)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	(105.283)	(104.756)
Rekstrarafkoma (EBIT)	<u>127.470</u>	<u>166.105</u>
Fjármagnstekjur	460.909	617.725
Fjármagnsgjöld	(974.943)	(292.395)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	<u>(514.034)</u>	<u>325.330</u>
Hagnaður fyrir skatta	(386.564)	491.435
Tekjuskattur	53.002	(86.660)
(Tap) hagnaður af áframhaldandi rekstri	<u>(333.562)</u>	<u>404.775</u>
Aflögð starfsemi		
Hagnaður af aflagðri starfsemi	0	471.198
(Tap) hagnaður ársins	<u>(333.562)</u>	<u>875.973</u>
(Tap) hagnaður ársins skiptist þannig		
Hluthafar móðurfélags	(333.562)	875.973
Minnihluti	0	0
(Tap) hagnaður ársins	<u>(333.562)</u>	<u>875.973</u>
EBITDA af áframhaldandi starfsemi	127.995	166.969
Hagnaður á hlut		
(Tap) hagnaður á hverja krónu hlutafjár	(4,23)	4,79
Hagnaður á hlut af áframhaldandi rekstri		
(Tap) hagnaður á hverja krónu hlutafjár	(4,23)	2,21

Niðurstöður janúar – júní 2008 frh.

Efnahagsreikningur 30.06.2008

	30.6.2008	31.12.2007
Eignir:		
Varanlegir rekstrarfjármunir	1.076	541.744
Óefnislegar eignir	2.950.441	8.294.358
Eignarhlutir í öðrum félögum	10.888	37.235
Langtímakröfur	4.753.509	4.522.353
Tekjuskattssinneign	81.316	
Fastafjármunir	7.797.230	13.395.690
Vörubirgðir og verk í vinnslu	0	375.209
Skammtímakröfur	300.949	1.784.623
Kröfur á móðurfélag	303.741	1.027.625
Handbært fé	501.852	782.018
Veltufjármunir	1.106.542	3.969.475
Eignir samtals	8.903.772	17.365.165
Eigið fé:		
Hlutafé	78.947	183.000
Yfirverðsreikningur	950.797	2.258.762
Lögbundinn varasjóður	19.737	45.750
Óráðstafað eigið fé	0	645.151
Eigið fé samtals	1.049.481	3.132.663
Skuldir:		
Vaxtaberandi langtímaskuldir	6.495.120	12.158.451
Tekjuskattsskuldbinding	0	84.008
Langtímaskuldir	6.495.120	12.242.459
Næsta árs afborgun langtímalána og skammtímalán	949.767	109.956
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	409.404	1.880.087
	1.359.171	1.990.043
Skuldir samtals	7.854.291	14.232.502
Eigið fé og skuldir samtals	8.903.772	17.365.165

Framtíðarhorfur

Eins og fram hefur komið að ofan hefur samstæða Kögunar ehf. breyst umtalsvert á síðustu tveimur árum og er Kögun ehf. nú sjálfstætt dótturfélag og hluti af samstæðu Teymi hf. sem er öflugasta fjarskipta- og upplýsingatæknifyrirtæki landsins. Hlutverk Kögunar í þeirri samstæðu er að vaxa markvisst á innanlandsmarkaði og styrkja enn frekar stöðu sína sem leiðandi fyrirtæki á upplýsingatæknimarkaði.

Nánari upplýsingar um uppgjörið veita:

Bjarni Birgisson, forstjóri sími 898-2006
Jóhann Þór Jónsson, fjármálastjóri sími 861-7221